

Gerir ekki ráð fyrir róttækum breytingum

Gerir ekki ráð fyrir róttækum breytingum



Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra. mbl.is/Kristinn Ingvarsson

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að hennar upplifun af fundi með stjórnendum í atvinnulífinu í gær hafi verið á þá leið að meirihluti væri fylgjandi lögum um kynjakvóta stjórnarmanna í fyrirtækjum, en að ýmislegt mætti betur fara í framkvæmd laganna. Í samtali við mbl.is segir hún að ekki sé gert ráð fyrir að neinar breytingar verði gerðar á lögnum á þessu þingi, en að staðan verði metin með haustinu. Þá gerir hún ekki ráð fyrir að lagðar verði til róttækar breytingar á lögnum, ef til þess kemur.

Hún segir að á fundinum hafi allur hugmyndaskalinn komið fram, sumir hafi verið alfarið á móti lögnum, en aðrir talað með þeim. Þá hafi einhverjir lagt til minniháttar breytingar og fram hafi komið athugasemdir við framkvæmd og hvaða skilning skyldi leggja í ákveðin atriði. Nefndi hún að rætt hefði verið um hvernig skilgreina skyldi fyrirtæki með sveiflukennan rekstur, en lögin gilda um fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli. Segir Ragnheiður að uppi hafi komið spurningar um hvernig flokka skuli ferðaþjónustufyrirtæki sem hafi tíu manns í vinnu yfir vetrartímann, en hundrað manns yfir sumartímann. Þetta sé eitthvað sem ráðuneytið muni á næstunni leggja yfir og koma með tillögur um.

Á fundinn voru boðaðir stjórnendur úr atvinnulífinu, en framsögumenn voru Eggert B. Guðmundsson forstjóri N1, Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandair Group og Katrín Pétursdóttir forstjóri Lýsis.